

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 19

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

10. árgangur

10.4.2003

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	<b>1.</b>	<b>EES-ráðið</b>	
	<b>2.</b>	<b>Sameiginlega EES-nefndin</b>	
<b>2003/EES/19/01</b>		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn . . . . .	<b>1</b>
<b>2003/EES/19/02</b>		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn . . . . .	<b>2</b>
<b>2003/EES/19/03</b>		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn . . . . .	<b>3</b>
<b>2003/EES/19/04</b>		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>5</b>
<b>2003/EES/19/05</b>		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>7</b>
<b>2003/EES/19/06</b>		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>9</b>
<b>2003/EES/19/07</b>		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>10</b>
<b>2003/EES/19/08</b>		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>11</b>
<b>2003/EES/19/09</b>		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>12</b>
<b>2003/EES/19/10</b>		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>13</b>
<b>2003/EES/19/11</b>		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn . . . . .	<b>14</b>

2003/EES/19/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á VI. viðauka (Félaglegt öryggi) við EES-samninginn . . . . .	15
2003/EES/19/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	16
2003/EES/19/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn . . . . .	17
2003/EES/19/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn . . . . .	18
2003/EES/19/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn . . . . .	19
2003/EES/19/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. . . . .	21
2003/EES/19/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins . . . . .	22
2003/EES/19/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins . . . . .	23
2003/EES/19/20	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn . . . . .	24
2003/EES/19/21	Sameiginleg yfirlýsing varðandi XIV. kafla í II. viðauka við EES-samninginn um endurskoðunarákvæðin á sviði tilbúins áburðar . . . . .	26

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4. Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III EB-STOFNANIR**

**1. Ráðið**

**2. Framkvæmdastjórnin**

**3. Dómstóllinn**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 1/2003

2003/EES/19/01

frá 31. janúar 2003

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 157/2002 frá 6. desember 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2001 frá 18. maí 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn <sup>(2)</sup> er kveðið á um framlengingu á aðlögunartímabilinu fyrir Liechtenstein vegna I. kafla I. viðauka við samninginn þar til 31. desember 2001 á meðan væri verið að koma á varanlegu fyrirkomulagi.
- 3) Evrópubandalagið, Liechtenstein og Ríkjasambandið Sviss eru sammála um að láta 11. viðauka (Dýr) í samningnum um viðskipti með landbúnaðarafurðir á milli Evrópubandalaganna og Ríkjasambandsins Sviss gilda um Liechtenstein á grundvelli tollasamningsins milli Sviss og Liechtensteins.

- 4) Þar sem þetta felur í sér beitingu svissneskrar dýralöggjafar ber að undanþiggja Liechtenstein frá ákvæðum I. kafla þessa viðauka.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í 1. mgr. í AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM í I. viðauka við samninginn:

„I. kafli „Dýr“ á ekki við um Liechtenstein.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2002.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**P. Westerlund**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 38, 13.2.2003, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 165, 21.6.2001, bls. 58.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 2/2003

2003/EES/19/02

frá 31. janúar 2003

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2002 frá 27. september 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1041/2002 frá 14. júní 2002 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni í föðri <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1252/2002 frá 11. júlí 2002 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni í föðri <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 1z (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 256/2002) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1za. **32002 R 1041**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1041/2002 frá 14. júní 2002 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni í föðri (Stjtið. EB L 157, 15.6.2002, bls. 41).

1zb. **32002 R 1252**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1252/2002 frá 11. júlí 2002 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni í föðri (Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 10).“

2. gr.

Texti reglugerða (EB) nr. 1041/2002 og 1252/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**P. Westerlund**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 336, 12.12.2002, bls. 18 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 61, 12.12.2002, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 157, 15.6.2002, bls. 41.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 10.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 3/2003**

2003/EES/19/03

frá 31. janúar 2003

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 158/2002 frá 6. desember 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/897/EB frá 12. desember 2001 um skilyrði fyrir samanburðartilraunum og -prófunum á vegum bandalagsins á fræi og fjölgunarefni tiltekinna plantna samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE, 68/193/EBE, 69/208/EBE, 70/458/EBE og 92/33/EBE <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/280/EB frá 15. apríl 2002 um breytingu á ákvörðun 98/320/EB um tilhögun tímabundinnar tilraunar að því er varðar sýnatöku og prófanir á fræi samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE og 69/208/EBE <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/454/EB frá 12. júní 2002 um tímabundna tilraun að því er tekur til aukningar á hámarksþyngd vörueiningar tiltekinna fôðurjurtafræja samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

1. Eftirfarandi bætist við í 15. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/320/EB):

„, eins og henni var breytt með :

- **32002 D 0280:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/280/EB frá 15. apríl 2002 (Stjtíð. EB L 99, 16.4.2002, bls. 22).“

2. Eftirfarandi liðir komi aftan við 18. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000):

- „19. **32001 D 0897:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/897/EB frá 12. desember 2001 um skilyrði fyrir samanburðartilraunum og -prófunum á vegum bandalagsins á fræi og fjölgunarefni tiltekinna plantna samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE, 68/193/EBE, 69/208/EBE, 70/458/EBE og 92/33/EBE (Stjtíð. EB L 331, 15.12.2001, bls. 97).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Tilvísanir til annarra gerða í tilskipuninni teljast skipta máli að svo miklu leyti og í því formi sem þær hafa verið felldar inn í samninginn.

20. **32002 D 0454:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/454/EB frá 12. júní 2002 um tímabundna tilraun að því er tekur til aukningar á hámarksþyngd vörueiningar tiltekinna fôðurjurtafræja samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE (Stjtíð. EB L 155, 14.6.2002, bls. 57).“

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

2. gr.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

Texti ákvarðana 2001/897/EB, 2002/280/EB og 2002/454/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 38, 13.2.2003, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 331, 15.12.2001, bls. 97.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. EB L 99, 16.4.2002, bls. 22.

<sup>(4)</sup> Stjtíð. EB L 155, 14.6.2002, bls. 57.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**P. Westerlund**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 4/2003**

2003/EES/19/04

frá 31. janúar 2003

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 161/2002 frá 1. desember 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/42/EB frá 17. maí 2002 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE varðandi hámarksmagn varnarefnaleifa (bentasón og pýridat) í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum <sup>(2)</sup>, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 39 skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB frá 18. júlí 2002 um merkingu matvæla, sem innihalda kínín, og matvæla sem innihalda kaffín <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XII. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

„- **32002 L 0042:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/42/EB frá 17. maí 2002 (Stjtið. EB L 134, 22.5.2002, bls. 29), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB 140, 30.5.2002, bls. 39.“

2. Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 54zy (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2002):

„54zz. **32002 L 0063:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE (Stjtið. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30).

54zza. **32002 L 0067:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB frá 18. júlí 2002 um merkingu matvæla, sem innihalda kínín, og matvæla sem innihalda kaffín (Stjtið. EB L 191, 19.7.2002, bls. 20).“

3. Texti 20. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 79/700/EBE) falli brott.

*2. gr.*

Texti tilskipana 2002/42/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB 140, 30.5.2002, bls. 39, 2002/63/EB og 2002/67/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 38, 13.2.2003, bls. 16 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 134, 22.5.2002, bls. 29.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 191, 19.7.2002, bls. 20.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 5/2003**

2003/EES/19/05

frá 31. janúar 2003

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XII. kafla II. viðauka við samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 161/2002 frá 6. desember 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/66/EB frá 16. júlí 2002 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á annars vegar ávöxtum, matjurtum, kornvörum og matvælum úr dýraríkinu og hins vegar tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB frá 6. ágúst 2002 um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/71/EB frá 19. ágúst 2002 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa (formóþíon, dímetóat og oxýdemeton-metýl) í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun 2002/72/EB fellir úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE <sup>(5)</sup> sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE), 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

„- **32002 L 0066:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/66/EB frá 16. júlí 2002 (Stjttíð. EB L 192, 20.7.2002, bls. 47),

- **32002 L 0071:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/71/EB frá 19. ágúst 2002 (Stjttíð. EB L 225, 22.8.2002, bls. 21).“

2. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54zza (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB):

„54zzb.**32002 L 0072:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB frá 6. ágúst 2002 um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjttíð. EB L 220, 15.8.2002, bls. 18).“

3. Texti 52. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE) falli brott.

2. gr.

Texti tilskipana 2002/66/EB, 2002/71/EB og 2002/72/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB L 38, 13.2.2003, bls. 16 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB L 192, 20.7.2002, bls. 47.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB L 220, 15.8.2002, bls. 18.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB L 225, 22.8.2002, bls. 21.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB L 75, 21.3.1990, bls. 19.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 6/2003

2003/EES/19/06

frá 31. janúar 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„- **32002 R 1162**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2002 frá 28. júní 2002 (Stjtið. EB L 170, 29.6.2002, bls. 44).“

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 161/2002 frá 6. desember 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2002 frá 28. júní 2002 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 1162/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**P. Westerlund**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 38, 13.2.2003, bls. 16 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 170, 29.6.2002, bls. 44.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 7/2003

2003/EES/19/07

frá 31. janúar 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„- **32002 L 0048**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/48/EB frá 30. maí 2002 (Stjtið. EB L 148, 6.6.2002, bls. 19),

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 126/2002 frá 27. september 2002 <sup>(1)</sup>.

- **32002 L 0064**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/64/EB frá 15. júlí 2002 (Stjtið. EB L 189, 18.7.2002, bls. 27).“

2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/48/EB frá 30. maí 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum ípróvalikarbi, prósfúroni og súlfósúlfúroni <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

2. gr.

Texti tilskipana 2002/48/EB og 2002/64/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/64/EB frá 15. júlí 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum sínidonetýli, sýalófopbútýli, famoxadoni, flórasúlamí, metalaxýli-M og píkólínafeni <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**P. Westerlund**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 336, 12.12.2002, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 61, 12.12.2002, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 148, 6.6.2002, bls. 19.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 189, 18.7.2002, bls. 27.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 8/2003****2003/EES/19/08****frá 31. janúar 2003****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 163/2002 frá 6. desember 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tuttugasta og fjórða tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/6/EB frá 29. febrúar 2000 um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:***1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**P. Westerlund**

formaður.

„- **32000 L 0006**: Tuttugasta og fjórða tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/6/EB frá 29. febrúar 2000 (Stjtið. EB L 56, 1.3.2000, bls. 42).“

*2. gr.*

Texti tilskipunar 2000/6/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 9, 13.2.2003, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 56, 1.3.2000, bls. 42.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 9/2003

2003/EES/19/09

frá 31. janúar 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 16/2001 frá 28. febrúar 2001 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi framleiðsluvöru <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun 2001/95/EB fellir úr gildi frá 15. janúar 2004 tilskipun 92/59/EBE <sup>(3)</sup> sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3g (tilskipun ráðsins 69/493/EBE):

„3h. **32001 L 0095:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi framleiðsluvöru (Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4).“

2. Texti liðar 3a (tilskipun ráðsins 92/59/EBE) falli brott með gildistöku frá 15. janúar 2004.

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/95/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**P. Westerlund**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 117, 26.4.2001, bls. 16 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 22, 26.4.2001, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 24.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 10/2003

2003/EES/19/10

frá 31. janúar 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES- nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun 2001/37/EB fellir úr gildi tilskipanir 89/622/EBE <sup>(3)</sup> og 90/239/EBE <sup>(4)</sup> sem eru hluti af samningnum og ber því að fella þær brott úr honum.
- 4) Noregur skal viðhalda aðlögunarlið sínum við tilskipun 89/622/EBE.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XXV. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við 2. lið (tilskipun ráðsins 90/239/EBE):

„3. **32001 L 0037**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í

lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum (Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Bannið í 8. gr. tilskipunarinnar gildir ekki um markaðssetningu í Noregi á framleiðsluvörinni sem er skilgreind í 4. mgr. 2. gr. Þessi undanþága gildir þó ekki um bann við sölu „snúss“ í formi sem svipar til matvæla. Þá skal Noregur banna útflutning á framleiðsluvörinni sem er skilgreind í 4. mgr. 2. gr. til allra aðilanna að þessum samningi, að Svíþjóð undanskilinni.“

2. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/622/EBE) og 2. liðar (tilskipun ráðsins 90/239/EBE) falli brott.

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/37/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

